



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/173

Alþingi

Erindi nr. P 133/152

komudagur 17.11.2006

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664
www.sit.is

17. nóvember 2006


Efni: Frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 279. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 15. þ.m., var ofangreint þingmál sent Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) til umsagnar. Af því tilefni skal eftirfarandi tilgreint:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði takmarkað við fjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, ýmist beint eða þá í gegnum samlagssjóði eða samlagshlutafélög. Í undantekningartilvikum verði um að ræða heimild til þess að veita slíkum fyrirtækjum lán eða ábyrgðir. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að ákvæði gildandi laga varðandi Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um starfrækslu tryggingardeildar útflutnings og vöruþróunar- og markaðsdeildar verði felld úr gildi. Þar sem stefnt er að því, að starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði í gjörbreytt, og veiting lána og ábyrgða verði í reynd í nánast hreinum undantekningartilvikum, verður ekki séð, að brýna nauðsyn beri til þess að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi sjóðsins, verði frumvarpið samþykkt. Í frumvarpinu er í samræmi við þetta sjónarmið gert ráð fyrir því, að eftirlit Fjármálaeftirlitsins með sjóðnum verði lagt af, enda verður starfsemi hans í flestu gjörólík því, sem aðrir aðilar, sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins, hafa með höndum. Að gefnu tilefni skal áréttað, að SÍT tekur undir það sjónarmið, að nái frumvarp þetta fram að ganga, skuli sjóðurinn ekki lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Að öðru leyti sér SÍT ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um mál þetta.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Arnmannsson